

Kjöt af hrossum 16 vetra og eldri og lakara kjöt af yngri hrossum, þar á meðal 186 óhæfilega feitt kjöt, skal merkja Hr III, teljist það söluhæft á opinberum markaði. 7. nóv.

Kjöt af stórgripum skal hluta þannig í sundur, að hver skrokkur sé sagaður að endilöngu eftir miðjum hrygg og bringan klofin til helminga, en síðan skal þverskera helmingana þannig, að 2—3 rif fylgi afturparti. Hálsæðar skulu skornar frá og jafnframt strjúpi, hafi hann blóðgast.

Ákvæði þessi eru sett samkvæmt lögum nr. 5 23. febr. 1949, um kjötmat o. fl., til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 7. nóvember 1953.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Árni G. Eylands.*

## REGLUGERÐ

187

9. nóv.

fyrir Vestur-Húnavatnssýslu, um grenjaleitir og eyðingu refa og minka.

### 1. gr.

Villirefir og refir og minkar, sem sloppið hafa úr vörzlu, eru óhelgir, og skal eyða þeim með hverjum þeim hætti, er helzt verður við komið.

### 2. gr.

Hreppsnefndum er skylt að sjá um, að eitrað sé fyrir refi og minka þriðja hvert ár, og skulu hinir hæfustu menn fengnir til að sjá um eitrunina. Eitrað agn skal leggja á afskekktu staði og skal tilkynna þeim, er næst búa, hvar eitrið hafi verið lagt. Hirða skal að vori leifar þess, sem eitrað hefur verið, og grafa eða urða. Þegar rjúpur eru eitraðar, skal stýfa hægri væng þeirra um miðju.

### 3. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenja- og minkaleitir í heimalöndum og afréttarlöndum hreppsins, svo og um vinnslu grenja og minkabæla. Þar sem tveir (eða fleiri) hreppar eiga afréttarlönd saman, annast þeir í sameiningu leitina og vinnslu dýranna á afréttinni.

### 4. gr.

Hreppsnefnd eða stjórn upprekstrarfélags, þar sem hreppar eiga upprekstrarland saman, skulu í tæka tíð ráða skotmann eða bogmann einn eða fleiri, til að vinna greni og minkabæli í hreppnum. Skulu skotmenn eða bogmenn reiðubúinir til grenjavinnslu hvenær sem greni eða minkabæli finnst. Vökumaður, sem skotmaður tekur gildan, skal vera ráðinn af sama aðila til að vera með skotmanni á grenjum. Skotmaður eða skotmenn annast grenjaleitina, en bogmaður eða skotmaður, eftir því sem við á, minkaleitina.

### 5. gr.

Gera skal tvær leitir, þá fyrri 3—6 vikur af sumri, og þá síðari 8—11 vikur af sumri. Á tímabilinu 6—11 vikur af sumri, skulu hreppsnefndir láta a. m. k. eina rækilega grenja- og minkaleit fara fram á afréttarlöndum hreppanna. Ef sérstök ástæða er til, skal láta fara fram þriðju leit eftir 11. helgi.

187

9. nóv.

6. gr.

Óheimilt er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir, að vinna refagreni eða taka yrðlinga, nema svo hafi staðið á, að ekki hafi náð til skotmanns í tæka tíð.

7. gr.

Nú hefur oddviti fengið vitneskju um, að dýr hefur lagt í greni, og skal hann þá tafarlaust aðvara skotmann og vökumann, er hreppsnefnd hefur ráðið til grenjavinnslu. Sama gildir um minkagreni.

8. gr.

Nú finnst gren, þó ekki sé í leit, og skal sá er finnur tafarlaust skýra oddvita frá, eða skotmanni, sé það auðveldara.

9. gr.

Þegar greni eða minkabæli finnst, hvort heldur er í grenja- eða minkaleit, eða þess utan, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er. En finni það einn maður og geti ekki komið vitneskju til næsta bæjar, nema fara sjálfur, skal hann hraða för sinni sem mest. Tilkynna skal það oddvita eða skotmanni tafarlaust.

10. gr.

Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því sem um semst við hreppsnefnd. Þó skulu ávallt greidd einhver verðlaun fyrir unnin dýr á grenjum, og skulu verðlaun fyrir síðara grendýr minnst vera þrefalt hærri en fyrir fyrra dýrið.

11. gr.

Sjái skotmaður hvorugt fullorðna dýrið þrjú fyrstu dægrin, er hann liggur á greninu og heyrir eigi til yrðlinga, skal honum ekki skylt að biða þar lengur. En sjáist annaðhvort eða bæði dýrin, eða heyrir til yrðlinganna, skal hann dvelja þar full fimm dægur, ef eigi verður áður fullunnið, en lengur er honum eigi skylt að biða, þó ekki vinnist. Yfirgefi skotmaður grenið fyrr en hér segir, án lögmætra orsaka, og liggja þó dýr þar, skal hann enga borgun fá, og varðar það hann einnig sektum.

12. gr.

Nú fær hreppsnefnd tilkynningu um nýfunduð gren eða minkabæli, er dýr hefur lagt í í landareign annars hrepps, og skal hún þá tafarlaust senda eða síma til oddvita þess hrepps, er þá annast um vinnslu þess. Vanræki oddviti þá skyldu sína, skal hreppsnefndin í hreppi þeim, er finnandi á heima í, annast um að grenið sé unnið, og kæra slíkt hirðuleysi fyrir sýslumanni til sekta og fullra skaðabóta.

13. gr.

Verði dýrbíts vart í sveitinni, skal hreppsnefnd gera sitt ýtrasta til að fá þau dýr unnin, er dýrbítum valda, og telst það sem venjulegur refaveiðakostnaður.

14. gr.

Hver sem vinnur fullorðið dýr, annars staðar en á greni eða í sambandi við grenjavinnslu (hlaupadýr), fær 60 króna verðlaun fyrir hvert þeirra, nema lög mæli annan veg fyrir. Sömu upphæð skal greiða fyrir hvern unninn mink. Heimilt er hreppsnefnd að greiða aukaverðlaun þeim refaskyttum, er skjóta eða taka í boga þrjú hlaupadýr eða fleiri á sama ári.

## 15. gr.

Nú eru aðstæður þannig, að veiðimaður telur hagkvæmt að gera gildirur eða skothún til refa- eða minkaveiða í landi annars manns, sem eigi stundar eða lætur stunda slíkar veiðar sjálfur, og skal veiðimanni það heimilt, en tilkynna skal hann ábúanda fyrir fram, hvar hann hyggst gera slík mannvirki, og skylt skal að búa svo um, að hvorki menn né búsmali geti hlotið mein af.

187

9. nóv.

## 16. gr.

Hreppsnefnd skal halda skrá yfir öll þekkt greni í hreppnum eða afréttarlöndum hans, og gera stutta lýsingu af greninu. Vörður eða skotbyrgi skal gera við greni þau, sem þörf er á, og halda þeim við.

## 17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða 200—1000 króna sektum.

## 18. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með að hætti opinberra mála.

## 19. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð um refaveiðar í Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 204 20. sept. 1945.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, og lögum nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 9. nóvember 1953.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Árni G. Eylands.*

## REGLUR

188

11. nóv.

### um meðferð og útbúnað gúmmifleytitækja á skipum.

## 1. gr.

Fleytitæki, úr gúmmibornum striga eða öðru svipuðu efni, skal hafa hlotið viðurkenningu skipaskoðunarstjóra.

Fleytitæki, sem þenja má út með lofti, skal haft á öruggum stað, þar sem fljótt verður náð til þess, og þess gætt, að það ekki skaddist í geymslunni.

Öll gúmmifleytitæki skulu skoðuð og prófuð á minnst 6 mánaða fresti. Þessa skoðun og prófun skal skipstjóri færa inn í eftirlitsbókina.

Enn fremur skal skipstjóri sjá um, að allir á skipinu kunni að fara með fleytitækid.

## 2. gr.

Þessi skal vera útbúnaður gúmmifleytitækja:

- a. Drýstiloftsflaska, með nægilega miklu magni af kolsýrulofti, sem fyllt getur fleytitækid, svo nægur þrýstingur verði í því, og til vara hæfilega stór loft-handdæla, sem fylla megi fleytitækid með á 5 mínútum;